




π

Stærðfræðingar hafa glímt við að skrá hlutfallið pí nákvæmar. Má þar nefna Kínverjann Zu Chongzhi (um það bil árið 480) en hann náði að skrá hlutfallið upp á einn milljónasta og Viète sem á sextándu öld tókst að setja hlutfallið fram enn nákvæmar. Á Netinu eru forrit sem vinna með margar milljónir aukastafa og mörgum finnst gaman að velta fyrir sér hvaða tölustafur komi næst þó vitað sé að aldrei muni takast að skrá hlutfallið endanlega. Talan π er óræð tala. Óræðar tölur er ekki hægt að skrá sem almennt brot. Það sem er sérstakt við π er að það stendur fyrir ákveðið hlutfall, þ.e. hlutfallið á milli ummáls og þvermáls hrings. Vitað er að það er alltaf það sama en þó er ekki hægt að skrá það með endanlegri tölu.

Á Íslandi var lengi miðað við að gildi π væri almenna brotið $\frac{22}{7}$ en nú er oftast miðað við 3,14 eða 3,1416.

Hér má sjá 500 fyrstu aukastafina.
3,141592653589793238462643383
27950288419716939937510582097
494459230781640628620899862
80348253421170679821480865132
8230664709384460955058223172
535940812848111745028410270193
8521105559644622948954930381
9644288109756659334461284756
48233786783165271201909145648
5669234603486104543266482133
9360726024914127372458700660
6315588174881520920962829254
09171536436789259036001133053
054882046652138414695194151160
943305727036575959195309218611
7381932611793105118548074462379
96274956735188575272489122793
8183011949



- 35 Af hverju heldur þú að stærðfræðingar hafi svo lengi glímt við að skrá hlutfallið á milli ummáls og þvermáls hrings (π)?